

HELGI PJETURS:

## Sögubrot af sann- leikanum.

### I.

Einhverntíma gat eg þess til, að jafnvel við hin stærri útvörp mundi vandfundinn maður eins og V. P. G. Og enn kom mér nokkuð líkt í hug er hann í kvöld (26.2) mintist á nokkrar síðustu greinar minar í hinu víðkunna enska tímariti Light. Hefi eg þar verið að reyna til að greiða fyrir skilningi á þessum mjög svo áriðandi málum, sem eg að visu aldrei nefni eilífðarmál. Er þar mikið verkefni fyrir náttúrufræðing, því að í rauninni er um það að

ræða, að færa út þekkinguna á ~~réttirinni~~ á þann hátt sem mundi auka mjög stóræstlega það gagn sem mannkynið hefir af náttúrufræðinni. Í einni af þessum greinum hefi eg fengið það prentað, að hver miðilfundur sé tilraun til sambands við lífið á stjörnunum. Hygg eg að ekki muni reynast auðvelt að segja jafn yfirgripsmikinn sannleika í færri orðum. En framtíðin mun leiða það í ljós á sínu tíma, að þarna er ekki um neina getgátu að ræfa (Hypotheses), heldur visindlega uppgötvun.

### II.

Það mun einnig koma í ljós, að það stendur ekki á sama hvernig við þeirri uppgötvun er snúist, eða yfirleitt þessari viðleitni minni á að færa út takmörk visindanna. Er þar ýmis-

legt, sem vísindasöguriturum  
~~fráfræðingur~~ þykja eftir-  
irtektarvert. Eitt er þetta. Dr.  
Stefan Einarsson, efnilegur  
málfræðingur, minnst í ein-  
hverri grein á mig heldur óvin-  
gjarnlega, og segir eitthvað á  
þá leið, að þegar eg sé að rita,  
um lífið á stjörnunum og fram-  
hald lífsins, þá sé eg að fást við  
það sem með öllu sé ómögulegt  
að vita nokkuð um. Og hið ágæta  
þýska tímarit Kosmos, birtir s. l. ár grein eftir A.  
Peters, sem heitir: Gibt es  
ausser der Erde bewohnbare  
Welten?: Eru til byggilegar  
stjörnur, aðrar en jörðin. Segir  
þar, að það væri ósanngjarnt,  
að ætlast til þess af vísindun-  
um, að þau geti nokkurntíma  
frætt oss um það, hvort við  
aðrar sólar eru til byggilegar  
jarðstjörnur. Það mun ein-  
FRAMHALD Á 4. Síðu.

hverntíma þykja í frásögur fær-  
andi, að þetta er sagt, nokkur-  
um árum eftir að í öðru ágætu  
þýsku tímariti (Zeitschrift f.  
Parapsychologie, 1933: Über  
Wesen, Ursprung und Zukunft  
des Lebens: Um eöli, uppruna  
og framtíð lífsins) hafði verið  
sagt frá hinni fullkomlega vís-  
indalegu uppgötvun lífsins á  
jarðstjörnum alheimsins. Verð-  
ur manni hér að minnst þess  
sem Oscar Peschel, einn af  
snillingum þýskrar landafræði,  
getur um í bók sinni Gesch-  
ichte der Erdkunde (Saga  
landafræðinnar). Nálægt alda-  
mótunum 1700 kom út á Þýska-  
landi bók, þar sem segir, að  
mannlegu við muni ávalt verða  
ofvaxið að skilja hvernig stend-  
ur á flóði og fjöru. En nokkr-  
um árum áður hafði komið út  
hið fræga rit Newtons, Princi-  
pia, þar sem m. a. einmitt sú  
gáta er ráðin. Þá mætti enn  
nefna til dæmis um hversu ó-  
varlegt er að staðhæfa hvað vís-  
indunum sé um megu, orð vitr-  
ingsins Comte, er hann taldi  
fullkomlega örugt að spá því,  
að efnasfræðin mundi aldrei ná  
til stjarnanna — aðeins 12 ár-  
um áður en hinn ágæti Kirch-  
hoff fann aðferðina til þess að  
færa einmitt á þennan ótrúlega  
hátt út takmörk þeirrar vísinda-  
greinar. Helgi Pjeturas.

Vísirinn 1937